



COOL LITE SKN 154 – SÓLVARNARGLER BETRI BIRTUSTÝRING – ÞÆGILEGRA RÝMI

HELSTU KOSTIR

- ❖ Hleypir 52% af birtu sólarinnar í gegnum glerið.
- ❖ Hleypir einungis 28% af hita sólarinnar inn um glerið.
- ❖ Sameinar hágæða sólstýringu með hlutlausu útliti, fyrir staði sem krefjast góðrar birtu og lágs sólarstuðuls.
- ❖ Dregur úr hita frá sólinni á sumrin og einangrar gegn kulda á veturna.

BETRI BIRTUSTÝRING

Sólvarnargler er gler sem ætlað er að draga úr áhrifum sólarljóss og minnka gegnumstreymi hita. COOL-LITE SKN 154 er ein besta tegund sólvarnarglers sem völ er á í dag, með hámarks einangrunargildi.

ÞÆGILEGRI BIRTA

Glerið er einstaklega hentugt fyrir stóra glugga þar sem meiri sólarvörn er krafist þar sem glerið hleypir einungis 28% af hita frá sólinni inn en hleypir á sama tíma góðri birtu inn í gegnum glerið, eða um 52%. Glerið sameinar því góða sólvörn, lágt hitatap og hlutlaust útlit.

BETRI LAUSN

COOL-LITE SKN 154 er tilvalið fyrir allar tegundir glugga í íbúðarhúsnæði jafnt sem atvinnuhúsnæði. Glerið hentar bæði í nýbyggingar sem og til endurnýjunar í eldra húsnæði.

MÖGULEGAR SAMSETNINGAR

COOL-LITE SKN 154 er haft sem ytra gler á móti öðru innra gleri, með lofti eða gasfyllingu á milli. Mögulegar samsetningar eru t.d.:

- ❖ Með glæru flotgleri, sem er algengasta samsetningin.
- ❖ Með sérstöku gleri til að auðvelda þrif á gleri.
- ❖ Með hjóðeinangrunargleri til að auka hljóðeinangrun í húsum þar sem t.d. umhverfishljóð eru mikil og truflandi.
- ❖ Með öryggisgleri sem veitir aukna vörn gegn álagi, til að mynda í hurðir og þakglugga.
- ❖ Með gleri sem veitir sérstaka vörn gegn uppliton af völdum útfjólublárra geisla, til að mynda á húsgögnum, gólfefnum, málverkum o.fl.

EIGINLEIKAR

Þykkt í mm (gler-loftrými-gler) *1	Gasfylling	Einangrunar- gildi (u-gildi w/m ² K) *2	Ljósgegnum- flæði (LT) %	Sólarstuðull (SF) % *3	Endurkast ljóss (RLe)
6-16-4	Argon > 90%	1	52	28	19

*1 6mm COOL LITE SKN 176 – 90% Argongas – 4mm flotgler

*2 Magn hita mælt í wöttum sem tapast á 60 mínútum í gegnum einn fermetra af gleri þegar hitamismunur innan og utan glers er 1*K

*3 Gegnumstreymi hitageisla sólarinnar. Hlutfall heildarorkuflæðis sem berst í gegnum gler.

VÖRUÚRVAL ÍSPAN

Íspan býður upp á COOL LITE SKN 154 í 6 mm og 8 mm þykktum.

Þjóðum einnig fjölbreytt úrval af gleri s.s. einangrunargleri, speglum, lökkuðu gleri og hertu gleri, t.d. í handrið, vegg, sturtur og borðplötur. Hafðu samband við sérfræðinga okkar og við finnum bestu lausnina fyrir þig.